



Yfirborðsrannsóknir við Nesjavelli sumarið
1985, II

Knútur Árnason

Greinargerð KÁ-85-03

Yfirborðsrannsóknir við Nesjavelli sumarið 1985, II.

Vinnu við yfirborðsrannsóknir á jarðhitasvæðinu við Nesjavelli hefur í júní 1985 miðað sem hér segir.

Lokið er tveimur úthöldum í viðnámsmælingum, alls 20 verkdögum. Í fyrsta úthaldinu, 4.-13. júní, voru gerðar viðnámsniðsmælingar á línu I (sjá meðfylgjandi kort). Línan var öll mæld með 250 og 500 m straumörmum, en vegna þess hve viðnám er lágt um miðbik línunnar var einungis hægt að mæla enda hennar með 750 m straumarmi. Í viðnámsniðsmælingunum voru alls mældir 8.15 km. Á síðasta degi fyrsta úthaldsins var mæld ein Schlumbergermæling (HE-92).

Í öðru úthaldinu, 18.-27. júní, voru gerðar Schlumbergermælingar. Gerðar voru 6 mælingar á línu I (HE-93, -94, -95, -96, -101, -102, sjá kort). Þá var byrjað á Schlumbergermælingu í línu II (HE-97), en í ljós kom að borun holu NJ-12 í Kýrdal truflaði mælinguna það mikið að hætta varð mælingu í miðju kafi. Þar sem lína II er á kafla mjög nálægt NJ-12 var ákveðið að fresta mælingu á henni þar til borun er lokið og byrja þess í stað mælingar á línu III. Á línu III voru gerðar 5 Schlumbergermælingar (HE-98, -99, -100, -103, -104, sjá kort). Í öðru úthaldinu voru gerðar alls 11.5 Schlumbergermælingar.

Í jarðfræðikortlagningu var í júnímánuði unnið að kortlagningu frá Kýrdalshrygg og norður að Nesjum.

Engar þyngdarmælingar voru gerðar í júnímánuði því að mælismaður (Gunnar V. Johnsen) var upptekinn í öðru verki.

Landhæðarmælingum var að mestu lokið í mánuðinum. Meðfylgjandi er stutt greinargerð eftir Gunnar Þorbergsson um landhæðarmælingar á Nesjavallasvæðinu.



ORKUSTOFNUN

Vatnsorkudeild

320/872.3 85.06.19 GB


Nesjavellir fyrir Hitaveitu Reykjavíkur

Ætlun frá í febrúar 1985 gerir ráð fyrir 3 mönnum og bíl í 18 daga og 350 kkr kostnaði við fallmælingar við Nesjavelli fyrir Hitaveitu Reykjavíkur. Nú hefur verið unnið í sem svarar til 16 daga og mælt það, sem sýnt er á meðfylgjandi korti.

Við gerum ráð fyrir að mæla til viðbótar frá Ölvusvatnsá í Hagavík (viðbót 1 á korti) og ekkert umfram það í ár.

Til gamans er hér áætlað að mæling á línum 2 og 3 (sjá kort) kosti 150 kkr. Lína 2 væri ekki óeðlileg viðbót við net til að fylgjast með vinnslu á Nesjavöllum, en lína 3 fremur til að fylgjast með náttúrulegum hreyfingum á svæðinu. (Spurningunni um það hvaða hreyfingar stafa af vinnslu jarðhita og hvað eru náttúrulegar hreyfingar verður varla svarað nema hæðarnetið nái yfir stórt svæði).

Við lauslega athugun virðist ekki hafa orðið marktækar breytingar í þeim hluta netsins, sem mældur var bæði í fyrra haust og nú í vor (frá Þjóðvegi að borholum í hlíðum Hengils), en þetta verður athugað betur að sumarvertíð lokinni.



②

①

③

FLORI MÆLING

Fallmælingar við Hengi

malt 1985 norðan
Hengils og Hengla
dolum af 08/1982
til naga um viðbot

④

ALFAVIO 0.8 km